



Aðsetur – Helsinki, Finland

## Alheimssamtök heyrnarlausra (WFD)

Alþjóðleg frjáls félagasamtök í opinberum tengslum við ECOSOC, UNESCO, ILO, WHO og Evrópuráðið. WFD var stofnað í Róm árið 1951.

PO Box 65, 00401 Helsinki, FINLAND

www.wfdeaf.org

# Ályktun WFD um nám án aðgreiningar

Samþykkt á stjórnarfundum WFD 10. maí 2018

## 1. LYKILATRÍÐI

- Sem lykilhagsmunaaðilar við ritun og innleiðingu Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)<sup>1</sup>, berjast Alheimssamtök heyrnarlausra (WFD) fyrir nám án aðgreiningar fyrir döff nemendur þar sem gæði menntunar eru mikil og fara fram í gegnum beina kennslu á táknmáli, aðgengi að döff kennurum og döff jafningjum sem nota táknmál, auk tvítyngdrar námsskrár þar sem táknmál er tilgreint sem námsgrein.
- WFD hefur áhyggjur af þeim fjölda landa heims sem innleiða nám án aðgreiningar sem veldur aðgreiningu döff nemenda og uppfyllir ekki þarfir þeirra.
- WFD hefur áhyggjur af því hvernig 24. grein SRFF, sem snýr að menntun, hefur verið túlkuð af aðildarlöndum og af valfrjálsu bókuninni nr. 4 frá 2016 sem gefin var út af SRFF nefnd SP<sup>2</sup>.
- WFD hefur sérstakar áhyggjur af núverandi stefnu, sem skilgreinir nám án aðgreiningar fyrir döff nemendur sem setu í almennum skóla, þar sem það umhverfið veitir yfirleitt ekki fullnægjandi aðgengi að, né beina kennslu á táknmáli, þ.m.t. kennslu af hendi döff kennara. Fyrir marga döff nemendur þýðir er þessi lausn ekki án aðgreiningar. Þessi stefna, nám án aðgreiningar, gengur gegn 24. greininni, þar sem WFD barðist fyrir breiðri skilgreiningu á „án aðgreiningar“ þar sem tvítyngd kennsla fyrir döff nemendur er án aðgreiningar fyrir þá.
- WFD viðurkennir að nám án aðgreiningar fyrir döff nemendur getur fallið undir ýmis konar mól og átt sér stað við alls konar aðstæður.

## 2. KYNNING

Um allan heim eiga döff börn í erfiðleikum við nám vegna óviðeigandi námsumhverfis. Frá því að SRFF var samþykktur árið 2006 hefur verið stöðug þróun á sókn döff nemenda í almenna skóla, oft án aðgengis að táknmáli eða beinni tákamálskennslu, án kennslu döff kennara og án aðgengis að tvítyngdri menntun. Víða hefur þessu fylgt lokun heyrnleysingjaskóla sem hefur haft veruleg áhrif á þátttöku döff barna í námi án aðgreiningar.

Sem dæmi má nefna að í nýlegri rannsókn í 39 Evrópusambandslöndum kom í ljós að í 68% þeirra landa sem tóku þátt voru yfir 50% döff og heyrnarskertra nemenda í almennum skólum<sup>3</sup>. Í

<sup>1</sup> <https://www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities.html>

<sup>2</sup> CRPD/C/GC/4.

<sup>3</sup> Krausneker, V., Becker, C., Audeoud, M., and D. Tarcsiová. 2017b. "Legal Foundations Supporting the Use of Sign Languages in Schools in Europe." In *UNCRPD Implementation in Europe: A Deaf Perspective. Article 24: Education*, edited by K. Reuter, 68-84. Brussels, Belgium: European Union of the Deaf.

Bandaríkjunum og Kanada er hlutfallið í kringum 80-90%<sup>4</sup>. Þetta hefur leitt til þess að margir döffskólanna hafa lokað. Sífelld fleiri rannsóknir sýna fram á áberandi misræmi í menntun döff nemenda og jafnaldra þeirra<sup>5</sup> auk þess sem almenna skólakerfið uppfyllir ekki þarfir döff nemendanna til tungumálanáms<sup>6</sup>.

WFD sinnti mikilvægu hlutverki við ritun SRFF með sérstakri áherslu á 24. greinina, þar sem táknmál kemur víða fram. Sem hluti af þessu ferli, tók WFD þá afstöðu að tvítyngd menntun væri það menntunarform sem væri nám án aðgreiningar fyrir döff nemendur<sup>7</sup>. Í drögum að ritun SRFF, náði fótfestu skilgreining á námi án aðgreiningar sem nám í almennun skólum. Þrátt fyrir það var í gegnum þetta ferli gerð „skynfæra undanþága“ fyrir döff, blinda og daufblinda nemendur sem naut almenns stuðnings þar sem viðurkenndar voru sérstakar þarfir þessara hópa nemenda<sup>8</sup>. Þessi undanþága og skilningur á þörfum döff nemenda er einnig í samræmi við önnur skjöl SP, s.s.

Salamankayfirlýsingarinnar og ramma um aðgerðir í sérkennslu frá 1994 þar sem stendur „vegna sérstakra samskiptaparfa döff og daufblindra einstaklinga, væri hentugra að menntun þeirra færi fram í sérskólum, sérþekkingum eða sviðum innan almennra skóla“ (21. gr.)<sup>9</sup>. Þetta viðhorf kom líka fram í stöðluðum reglum SP um jöfnun tækifæra fyrir einstaklinga með fatlanir<sup>10</sup>. Einnig kom fram almenn athugasemd á þessu ári, 2018, frá SRFF um jafnræði og jafnrétti (65. gr.) „til að tryggja jafnrétti og jafnræði döff barna innan menntakerfisins, verður þeim að standa til boða táknmáls námsumhverfi með döff jafningjum og döff fyrirmyndum“<sup>11</sup>.

Döff nemendur hafa einstaka þörf fyrir kennslu á táknmáli, tækifærum til að læra táknmál og menningu döff og tækifærum til þátttöku með sínum jafningjum í aðstæðum sem gefa rými fyrir þróun tungumáls og menningar. Vegna sameiginlegar upplifunar og reynslu hafa döff nemendur einnig þörf fyrir kennslu af hendi döff kennara sem geta verið þeirra talsmenn og veitt þeim félagslegt og menningarlegt gildi<sup>12</sup>. Þessi réttindi eru tilgreind í 24. grein (3 málsg.) í SRFF, þar sem er sagt: „menntun einstaklinga, sérstaklega menntun blindra, döff og daufblindra barna, þarf að fara fram í gegnum viðeigandi tungumál og með viðeigandi samskiptaleiðum fyrir einstaklingana og í umhverfi sem hámarkar menntunar- og félagsþroska.“ Þessar aðstæður virðast vera frekar „aðgreindar“ í almenna textanum<sup>13</sup> sem hefur neikvæð áhrif á þróun sjálfsmýndar og námsrárangur margra döff nemenda þar sem skortur er á aðgengi að beinni kennslu á táknmáli og tvítyngiskennslu, þar sem þau eru yfirleitt ekki nægilega studd í almenna skólakerfinu. Það sem meira er, þá er farið fram á í 24. greininni (4) að aðildarríkin „geri það sem til þarf til að ráða kennara, einnig kennara með fatlanir, sem eru táknmálstalandi“. Þetta þýðir að réttur döff nemenda til döff kennara er stutt af SRFF. Þó að í almennu athugasemdinni nr. 4 komi fram að almennir skólar eigi að veita öllum nemendum stuðning,

<sup>4</sup> Antia, S. 2014, June 24. “Making Inclusion Happen: Factors Leading to Success.” Paper presented at Symposium on Sign Bilingualism and Deaf Education, Chinese University of Hong Kong, Shatin, Hong Kong; Ontario Ministry of Education. (2018). *Provincial and demonstration schools in Ontario: Moving forward*. Retrieved April 9, 2018 from <http://www2.edu.gov.on.ca/eng/parents/robarts.html>.

<sup>5</sup> Weale, S. 2018, January 8. “Educational Support for Deaf Children in England ‘In Complete Disarray.’” *The Guardian*. Accessed February 13, 2018. <https://www.theguardian.com/society/2018/jan/08/educational-support-for-deaf-children-in-england-in-complete-disarray>; Weale, S. 2016, January 4. “UK’s Oldest Deaf School Closes amid Concerns Children Are Being Let Down.” *The Guardian*. Accessed January 8, 2016. <http://www.theguardian.com/society/2016/jan/04/uks-oldest-deaf-school-closes-concerns-children-being-let-down>.

<sup>6</sup> Holmström, I. and K. Schönström. 2017. “Resources for Deaf and Hard-of-Hearing Students in Mainstream Schools in Sweden: A Survey.” *Deafness and Education International*, 19(1), 29-39. doi: 10.1080/14643154.2017.1292670

<sup>7</sup> Kauppinen, L. and M. Jokinen. 2014. “Deaf culture and linguistic rights.” In *Human rights and disability advocacy* edited by M. Sabatello and M. Schulze, 131-145. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.

<sup>8</sup> Murray, J., De Meulder, M., and D. le Maire. 2018. “An Education in Sign Language as a Human Right? An Analysis of the Legislative History and on-going Interpretation of Article 24 of the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities (CRPD).” *Human Rights Quarterly*, 40(1), 37-60. doi: 10.1353/hrq.2018.000

<sup>9</sup> [http://www.unesco.org/education/pdf/SALAMA\\_E.PDF](http://www.unesco.org/education/pdf/SALAMA_E.PDF)

<sup>10</sup> Murray et al.

<sup>11</sup> CRPD/C/GC/6.

<sup>12</sup> Kusters, M. 2017. “Intergenerational Responsibility in Deaf Pedagogies.” In *Innovations in Deaf Studies: The Role of Deaf Scholars* edited by A. Kusters, M. De Meulder, and D. O’Brien, 241-262. New York: Oxford University Press.

<sup>13</sup> Par. 11 of the General Comment No. 4 (2016) on the Right to Inclusive Education states, “Segregation occurs when the education of students with disabilities is provided in separate environments designed or used to respond to a particular impairment or to various impairments, in isolation from students without disabilities.”

þá vantar upp á viðurkenningu á gildi döff skóla og annara táknmálsumhverfa sem tækifæri fyrir döff nemendur til að öðlast táknmálsmæðni og skilning og til að hámarka tækifæri sín á menntunarsviði og þróun menningarlegrar sjálfsmyndar. Hér má benda á að í almennu athugasemdinni frá þessu ári, 2018, frá SRFF um jafnræði og jafnrétti (65. gr.), koma fram sérstakar kröfur um táknmálsumhverfi með döff kennurum.

### 3. SKILGREINING Á NÁMI ÁN AÐGREININGAR

WFD viðurkennir að menntafólk hafi ólíka skoðun á námi án aðgreiningar. Engu að síður uppfyllir skilgreining sem leggur einungis áherslu á staðsetningu ekki viðmið fyrir nám án aðgreiningar. Nám án aðgreiningar veitir nemandanum rétt á þátttöku og til að ná fram sínu besta í opinberum stofnunum, s.s. skólum<sup>14</sup>. Með öðrum orðum, nám án aðgreiningar er upplifun, ekki staðsetning<sup>15</sup>. Hvað varðar döff nemendur þá verða kennarar að leggja sérstaka áherslu á þörfina fyrir stuðning við táknmálið og félagslegan þroska eins og lýst er í grein 24 (3) og (4) og verða að vera meðvitaðir um þróun og mat á táknmáli<sup>16</sup>. Þar að auki þurfa kennarar að hafa sérstaklega í huga hvernig félags- og tilfinningaþroska döff nemenda sé mætt en til þess þarf tækifæri til að taka þátt í jafningjahópum með kennurum sem deila með þeim táknmáli og menningalegri sjálfsmynd.

Í 24. greininni (4) er vakin athygli á því að ráða þurfi táknmálstalandi kennara. WFD óskar eftir frekari tækifærum fyrir fullorðið döff fólk til að mennta sig sem kennarar, sem lenda ósjaldan í hindrunum við að afla sér háskólamenntun<sup>17</sup> en eru nauðsynlegir til að hægt sé að byggja upp tvítyngt menntakerfi<sup>18</sup> og einnig er þörf á kennaramenntun sem styður við mikla táknmálsmæðni fyrir alla kennara. Að lágmarki ættu kennarar að búa yfir allt að því móðurmálsmæðni í táknmáli eins og það er skilgreint í Samræmda Evrópska tungumálarammanum fyrir táknmál<sup>19</sup>, leiðbeiningum Ameríska ráðsins um færni í kennslu erlendra mála og/eða öðrum stöðluðum lands eða svæða leiðbeiningum sem notuð eru til að meta táknmálsmæðni á menntasviðinu<sup>20</sup>.

9. grein SRFF tilgreinir sérstaklega réttinn til táknmálstúlkunar til að nýta opinbera þjónustu. WFD fellst að veiting táknmálstúlkunþjónustu sé mikilvægur hluti þess að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og styður að sú þjónusta ætti að vera í boði fyrir döff nemendur, en leggur jafnframt áherslu á að túlkun kemur ekki í stað beinnar kennslu á táknmáli né myndar hún táknmálsumhverfi<sup>21</sup>. Veiting túlkunþjónustu er ekki tvítyngiskennsla heldur er það kennsla á tungumáli meirihlutans sem er veitt af táknmálstúlkni<sup>22</sup>.

<sup>14</sup> Snoddon, K. and K. Underwood. 2014. "Toward a social relational model of Deaf childhood." *Disability & Society*, 29(4), 530-542. doi: 10.1080/09687599.2013.823081

<sup>15</sup> Jones, M. 2011. "Inclusion, Social Inclusion, and Participation." In *Critical Perspectives on Human Rights and Disability Law*, edited by M.H. Rioux, L.A. Basser, and M. Jones, 57-82. Leiden, The Netherlands: Martinus Nijhoff Publishers.

<sup>16</sup> Simms, L., Baker, S. and M.D. Clark. 2013. "The Standardized Visual Communication and Sign Language Checklist for Signing Children." *Sign Language Studies*, 14(1), 101-124. doi: 10.1353/sls.2013.0029

<sup>17</sup> Danielsson, L. and L. Leeson. 2017. "Accessibility of Teacher Training and Higher Education From a Deaf Perspective." In *UNCRPD Implementation in Europe: A Deaf Perspective. Article 24: Education*, edited by K. Reuter, 139-153. Brussels, Belgium: European Union of the Deaf.

<sup>18</sup> Mahshie, S.N. (1995). *Educating Deaf children bilingually: With insights and applications from Sweden and Denmark*. Washington, DC: Gallaudet University Press.

<sup>19</sup> European Centre for Modern Languages of the Council of Europe. 2018. *Sign Languages and the Common European Framework of Reference for Languages: Descriptors and Approaches to Assessment*. Accessed February 13, 2018. <https://www.ecml.at/ECML-Programme/Programme2012-2015/ProSign/tabid/1752/Default.aspx>; Reuter, K. 2017. "UNCRPD Article 34 and the UNCRPD Committee's General Comment No 4 on the Right to Inclusive Education: An EUD Perspective." In *UNCRPD Implementation in Europe: A Deaf Perspective. Article 24: Education*, edited by K. Reuter, 49-67. Brussels, Belgium: European Union of the Deaf.

<sup>20</sup> American Council on the Teaching of Foreign Languages. 2012. *ACTFL Proficiency Guidelines 2012*. Accessed February 13, 2018. <https://www.actfl.org/publications/guidelines-and-manuals/actfl-proficiency-guidelines-2012>

<sup>21</sup> Russell, D. and B. Winston. 2014. "Tapping Into the Interpreting Process: Using Participant Reports to Inform the Interpreting Process in Educational Settings." *Translation & Interpreting*, 6(1), 102-127. doi: 10.106201.2014.a07

<sup>22</sup> De Meulder, M., Krausneker, V., Turner, G., and J. Bosco Conoma. (in press). "Sign Language Communities." In *Handbook of Minority Languages and Communities*, edited by G. Hogan-Brun and B. O'Rourke. London: Palgrave Macmillan.

## 4. ÁHRIFARÍK MÓDEL NÁMS ÁN AÐGREININGAR

Til þess að ná fram námi án aðgreiningar fyrir döff nemendur er nauðsynlegt að öll döff börn, óháð því hvar þau sækja skóla, eigi möguleika á aðgengi að hágæða kennslu á táknmáli. Þetta þýðir að lausnum eins og táknmálstúlkar eða glósarar verði að fylgja tækifæri til náms með öðrum döff nemendum og kennurum, þar með talið döff kennurum, sem sjálfir eru fullfærir í táknmáli, með tvítyngdu námsefni og tækifæri til að læra táknmál sem námsgrein<sup>23</sup>. Mikilvægt atriði til að ná hágæða námi án aðgreiningar fyrir döff nemendur er að veita kennaramenntun sem styður döff háskólanemendur til að ná kennararéttindum, táknmálsfærni kennara, þekkingu og þróun hágæða tvítyngdri námskrá og kennslufræðum, og meðvitund um þörf hárra væntinga til döff nemenda sem tvítings hóps. Það er einnig þörf fyrir stuðning skólans fyrir þátttöku foreldra og döff samfélagsins.

Eins og fjölmargar alþjóðlegar rannsóknir<sup>24</sup> hafa sýnt þá fela áhrifarík dæmi um kennslu án aðgreiningar í sér að þar starfar hátt hlutfall táknmálstalandi kennara og starfsmanna. Döffskólar geta einnig veitt stuðning og námsgögn til döff nemenda sem eru í almenna skólakerfinu, þar með talið aðgengi að táknmálstalandi jafningjahópi og kennurum<sup>25</sup>. Til þeirra döff barna sem búa í dreifðari byggðum er hlutverk döffskólans sem stuðningur við almenna skólann sérstaklega mikilvægur, þar sem þeir geta stutt með fjarkennslu og tækifærum til að koma við og við í döff skólann<sup>26</sup>.

Nám án aðgreiningar fyrir döff nemendur getur einnig þýtt tveggja kennara kerfi þar sem teymi döff og heyrandi kennara veita kennslu samtímis á táknmáli og raddmáli til bekkjar með bæði döff og heyrandi nemendum<sup>27</sup>. Tveggja kennara kerfi gæti auk þess falið í sér tvítyngis menntun fyrir döff nemendur í sérstofum í almennum skóla<sup>28</sup>. Í þeim aðstæðum er mikilvægt að heyrandi nemendur njóti einnig kennslu í táknmáli.

Í hverju þessara mótela er mikilvægt að döff kennarar deili jöfnu hlutverki með heyrandi kennurum og að allir kennarar búi yfir allt að því móðurmálsfærni í táknmáli. Það sem meira er, döff nemendur ættu að hafa aðgang að táknmálsnámskrá til viðbótar við almennu námskrána, og fá prófskírteini og tækifæri til framhaldsmenntunar sem eru til jafns við þau sem bjóðast almennum nemendum<sup>29</sup>. Döff nemendur ættu einnig að hafa aðgang að raddmáls námskrár sem er með döff sjónarhorn á því að læra raddmál, þ.e.a.s. aðallega sem ritmál og út frá táknmáli.

<sup>23</sup> Kauppinen and Jokinen; Snoddon and Underwood.

<sup>24</sup> Fevlado. 2015. *Vlaanderen is Gelijke Kansen*. Accessed February 13, 2018. <http://www.fevlado.be/fevlado-vzw/nieuws-prikbord/actualiteit/?d=600>; Krausneker, V., Becker, C., Audeoud, M., and D. Tarciová. 2017. "Bimodal Bilingual School Practice in Europe." In *UNCRPD Implementation in Europe: A Deaf Perspective. Article 24: Education*, edited by K. Reuter, 154-172. Brussels, Belgium: European Union of the Deaf.

<sup>25</sup> Krausneker et al. 2017. "Bimodal Bilingual School Practice in Europe."

<sup>26</sup> Krausneker et al. 2017. "Bimodal Bilingual School Practice in Europe."

<sup>27</sup> Lamothe, C. 2017. "Association 2LPE CO: Bilingual Enrolment for Immersion and Collective Inclusion." In *UNCRPD Implementation in Europe: A Deaf Perspective. Article 24: Education*, edited by K. Reuter, 214-227. Brussels, Belgium: European Union of the Deaf; Tang, G., Lam, S. and K.C. Yiu. 2014. "Language Development of Deaf Children in a Sign Bilingual and Co-enrollment Environment." In *Bilingualism and Bilingual Deaf Education* edited by M. Marschark, G. Tang, and H. Knoors, 313-341. New York: Oxford University Press.

<sup>28</sup> Fevlado; Krausneker et al. 2017. "Bimodal Bilingual School Practice in Europe."

<sup>29</sup> Reuter.

## 5. SAMANTEKT

Mannréttindareglur sem beinast að réttindum fatlaðra ganga oft út frá einstaklingsbundinni nálgun sem gengur gegn markmiðum döff samfélaga sem óska eftir viðurkenningu á táknmálum og veitingu tvítýngiskennslu fyrir döff börn. SRFF, með sinni sérstöku viðurkenningu á málfarslegum og menningarlegum þörfum döff barna hefur boðið fram sérstakar undanþátur við þessa aðferð. Samt sem áður, bendir nýleg túlkun á 24. grein SRFF í tengslum við menntun til þess að þörf sé á sterkari fókusi varðandi viðurkenningu og árangri mannréttinda táknmáls á menntunarsviði.

WFD hvetur aðildarríkin og önnur ríki til sérstakrar varkárni í túlkun á námi án aðgreiningar í tengslum við döff nemendur og að tryggja að táknmál, sjálfsmynd þess og döff samfélaga sé haldið á lofti innan náms án aðgreiningar.

*WFD vill þakka Dr Kristin Snoddon, samræmingarstjóra sérfræðingahópi um menntun döff innan WFD, fyrir leiðtogastörf hennar í þessu verkefni sem og eftirtöldum hagsmunaaðilum fyrir þeirra framlag til ályktunarinnar: Dr Maartje De Meulder, University of Namur; European Union of the Deaf; Ms Marieke Kusters, Doof Vlaanderen; Dr Joseph Murray, World Federation of the Deaf; National Association of the Deaf, USA; Dr Krister Schönström, Stockholm University; Ms Susana Stiglich Watson and Ms Eeva Tupi, World Federation of the Deaf.*

### **Um Alheimssamtök heyrnarlausra**

*Alheimssamtök heyrnarlausra (WFD) eru frjáls alþjóðleg félagasamtök sem standa og berjast fyrir mannréttindum um 70 milljónum döff einstaklinga um allan heim. WFD eru samtök döff félaga 135 þjóða; markmiðið er að vinna að mannréttindum döff einstaklinga og fullu jafnrétti og jöfnum aðgangi að öllum sviðum lífs, þar með talið sjálfsákvörðunarrétti, táknmáli, menntun, atvinnu og samfélagsþátttöku. WFD er ráðgefandi innan Sameinuðu þjóðanna og er stofnaðili Aleimssamtaka örorkubandalaga (International Disability Alliance – IDA). ([www.wfdeaf.org](http://www.wfdeaf.org)) Email: [info@wfd.fi](mailto:info@wfd.fi)*